

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 11. mars 2020

**Mál nr. E-2035/2020:**

**A**

*(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)*

gegn

**B**

*(Elín Hrefna Ólafsdóttir lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð, þann 11. febrúar sl., var höfðað með stefnu, birtri 18. mars 2020, af A, M, Reykjavík, á hendur B, [...], Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna ólögsmætrar tímabundinnar sviptingar á starfsleyfi til daggæslu barna í heimahúsi, dags. [a] febrúar 2019.

Þá er þess krafist að stefndi greiði stefnanda 2.500.000 krónur í miskabætur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, frá [a] febrúar 2019 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar af stefnda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

### *Ágreiningsefni og málsatvik*

Fyrir liggur að [a] febrúar 2019 svipti stefndi stefnanda tímabundið starfsleyfi til þess að sinna daggæslu barna í heimahúsi, með vísan til 37. og 38. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, en afturkallaði þá ákvörðun [b] febrúar s.á. Stefnandi krefst bóta, sem að framan greinir, þar sem hún telur ákvörðunina hafa verið ólögsmæta og sér til miska og tjóns, en stefndi krefst hér sýknu, einkum á þeim grunni að ákvörðunin hafi verið honum heimil og einkum byggð á háttsemi stefnanda.

Málavextir eru þeir að þann [h] september 2018 mætti starfsmaður stefnda, C, heim til stefnanda, sem starfaði sem dagforeldri barna á vegum B, í lögbindið óboðað eftirlit á vegum stefnda, sbr. 35. gr. reglu- gerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í

heimahúsum. Við eftirlitið bar á góma stiga í húsnæði stefnanda sem C virtist vera með óvörðu stigaopi. Eftir því sem næst verður komist var þá haft eftir stefnanda að hún teldi umræddan stiga ekki tilheyrja svæði daggæslunnar auk þess sem hún kenndi börnunum að umgangast stigann.

Í skýrslu vegna eftirlitsins var gerð athugasemd við háan stiga í íbúðinni þar sem ekki væri handrið vinstra megin við stigann og ekki öryggishlið við stigaopið niðri. Skýrslan var send stefnanda [i] september 2018 í tölvuskeyti og var henni þá gefinn kostur á því að koma að andmælum eða athugasemdum vegna þessa innan sex daga.

Með tölvupósti degi síðar, [j] september 2018, hafnaði stefnandi athugasemd eftirlitsaðilans á þeim forsendum að stiginn hefði fram til þessa ekki verið til vandræða þar sem hún „kenni börnunum að umgangast hann eins og aðra hluti“. Tók stefnandi þá fram að stiginn væri ekki á daggæslusvæði íbúðarinnar og að börnum í hennar umsjá stafaði þar af leiðandi engin hættu af honum. Aldrei hefðu verið gerðar athugasemdir við stigann áður í þau tíu ár sem daggæsla hefði verið rekin í húsnæðinu.

Þann [t] október 2018 barst stefnanda síðan bréf frá skóla- og frístundasviði stefnda (SFS), undirritað af D, þar sem ítrekaðar voru athugasemdir stefnda við umbúnað stiga á heimili hennar. Gaf stefndi stefnanda þá enn sjö daga frest til að bæta úr umbúnaði stigans og var tilkynnt að daggæsluráðgjafi myndi heimsækja stefnanda að þeim fresti liðnum til þess að fylgja málinu eftir. Stefnandi svaraði framangreindu bréfi degi síðar í tölvupósti, [h] október 2018, og hafnaði hún því þar enn að gera úrbætur á umræddum stiga þar sem þær væru óþarfar og virtist auk þess vera ósátt með framkvæmd eftirlitsins og útskýringar stefnda.

Daggæsluráðgjafi frá þjónustumiðstöðinni É fylgdi síðastnefndu erindi frá SFS eftir með símtali við stefnanda [n] október 2018, og óskaði eftir að fá að koma í eftirlitsheimsókn í daggæsluna til hennar. Stefnandi upplýsti að ráðgjafinn væri ekki velkominn í þeim erindagjörðum að athuga hvort búið væri að bæta umbúnað stigans.

Þann [b] nóvember 2018 barst stefnanda svo bréf frá stefnda þar sem pósti hennar frá [h] október 2018 var svarað. Þar var ítrekað það mat SFS að hugsanleg slyshætta væri af stiganum með vísan til ungs aldurs barna í daggæslunni og teldist það því ekki fullnægjandi að kenna börnunum að umgangast stigann heldur þyrfti að setja þar upp öryggishlið. Enn fremur sagði þar að á næstu dögum eftir ritun bréfsins myndi daggæsluráðgjafi koma í heimsókn til stefnanda í því skyni að kanna hvort brugðist hefði verið við úrbótakröfu, en ef ekki hefði verið brugðist við þeirri kröfu myndi SFS taka málið til meðferðar samkvæmt XI. kafla reglugerðar nr. 907/2005. Stefnandi svaraði þessu erindi með bréfi, dags. [u] nóvember 2018, og hélt þar til streitu þeirri afstöðu sinni að hún hefði ekki í hyggju að bregðast við kröfu stefnda um úrbætur.

Þann [ú] nóvember 2018 mættu tveir fulltrúar frá þjónustumiðstöðinni É í daggæslu til stefnanda til að fylgja því eftir af hálfu stefnda að úrbætur hefðu verið

gerðar á stiganum. Þetta voru þær F félagsráðgjafi og E, framkvæmdarstjóri É. Stefnandi meinaði þeim þá aðgengi að daggæslunni til að taka út umbúnað á stiga á þeim forsendum að hvorug þeirra sinnti með réttu eftirliti samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 907/2005. Þótti stefnanda vera illa að sér vegið að blanda þessum aðilum þannig inn í málið en stefndi útskýrir aðkomu þeirra með vísan til XI. kafla reglugerðar nr. 907/2005. Taldi stefndi þá ljóst að næstu skref væru þau að senda foreldrum barnanna tilkynningu og hugsanlega þyrfti að svipta stefnanda leyfi í samræmi við 36. gr. reglugerðarinnar.

Fyrir liggur að drög að tilkynningu um tímabundna leyfissviptingu stefnanda, dags. [t] nóvember 2018, voru ekki send foreldrum, þar sem afráðið var að reyna fyrst til þrautar að finna lausn með stefnanda. Bauð stefndi stefnanda því að koma til fundar til að reyna að leysa málið, sbr. tölvupóst dags. [m] nóvember 2019, en því boði var ekki tekið. Þá átti [...] -stjóri fagskrifstofu leikskólamála hjá stefnda símtal við stefnanda og mun stefnandi þá hafa ítrekað þau sjónarmið sem hún hafði áður byggt á í samskiptum við stefnda, og án þess að minnast á að öryggishlið væri fyrir stiganum.

Í framhaldi óskaði stefndi, [p] nóvember 2018, eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um meinta slyshættu vegna umbúnaðar stigans hjá stefnanda. Beiðnin var reist á 6. tölulið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005, um að heimilt sé að leita umsagnar heilbrigðisnefndar, hvað húsnæði varðar, ef ástæða þykir til. Þann [j] nóvember 2018 sendi stefnandi SFS bréf þar sem hún ítrekaði gagnrýni á eftirlit á vegum stefnda. Lýsti hún því þá yfir að á meðan spurningum sem hún hefði beint til stefnda væri ósvarað myndi hún ekki taka á móti þeim er sinntu eftirliti á hans vegum.

Þann [v] nóvember 2018 mættu svo tveir fulltrúar HER í eftirlit með daggæslu á heimili stefnanda, en var meinaður aðgangur af stefnanda, með því að eftir reglugerð nr. 907/2005 gildi að þar sem færri börn en sex væru vistuð þá sinnti HER ekki eftirliti. Í framhaldi sendi annar fulltrúinn, J, tölvuskeyti til SFS, dags. [l] desember 2018, og upplýsti að tilraun til að sinna eftirliti hefði ekki borið árangur vegna stefnanda. Þá sagði þar: „Að sögn A [stefnanda] er stiginn, sem um ræðir, ekki staðsettur í dvalarrými barnanna. Að svo stöddu getur HER ekki veitt umsögn varðandi stiga í daggæslu, þar sem HER var neitað um aðgang í húsnæðið.“

Þann [k] desember 2018 barst SFS svo tölvupóstur frá lögmanni stefnanda. Þar kom fram að umræddur stigi á heimili stefnanda væri ekki í sama rými og daggæslan og börnin hefðu hvorki afnot af honum né aðgengi og væru ávallt undir eftirliti í umsjá stefnanda. Þá var þar óskað eftir því að einungis réttur aðili yrði eftirleiðis sendur af hálfu stefnda til að sinna eftirliti, þ.e. C. Telur stefndi að það feli í sér breytta afstöðu stefnanda frá bréfinu sem er dags. [j] nóvember 2018, þar sem öllu eftirliti var hafnað, og bendir einnig á að ekki sé rétt staðhæfing hjá stefnanda að þess hafi áður ítrekað verið óskað að aðeins viss aðili yrði sendur. Þá hafnar stefndi því að nokkuð í

tölvubréfi J, dags. [l] desember s.á., styðji það að hún hafi tekið undir með stefnanda að hlið hefði verið fyrir umræddu stigaopi. Af hálfu SFS var erindi stefnanda frá [k] desember 2018 svarað með bréfi, dags. [m] desember 2018. Þar var vísað til þess að þótt um einkaheimili stefnanda væri að ræða þá starfrækti hún þar leyfisskylda starfsemi sem væri háð lögbundnu eftirliti stefnda. Liður í því væri að fylgja eftir athugasemdum við aðbúnað og ítrekaðar tilraunir hefðu verið gerðar til þess, en án árangurs vegna tálmana og skorts á samvinnu af hálfu stefnanda. Þann [n] janúar 2019 sendi stefnandi bréf til stefnda þar sem hún ítrekaði það að C væri ávallt velkomin í eftirlitsheimsókn til lúkningar málsins. Benti stefnandi þá á að óvissan hefði verið algjör um langt skeið fyrir sig og foreldra barna sem vistuð væru hjá henni og óskaði eftir því að málinu yrði fljótt lokið.

Af hálfu stefnda er staðhæft að þann [o] janúar 2019 hafi verið stefnt að því að fram færi eftirlitsheimsókn í daggæslu stefnanda, samkvæmt 2. tölulið 2. mgr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005. Þessi heimsókn hafi því verið liður í reglubundnu eftirliti með daggæslu, en ekki sprottin af eftirliti vegna athugasemdar við umbúnað á stiga. Þennan dag sendi SFS G, verkefnastjóra sérkennslu, og C eftirlitsaðila fyrir hönd stefnda á heimili stefnanda til að sinna eftirliti. Stefnandi meinaði þá G inngöngu þar sem aðeins C hefði heimild til að sinna eftirliti. Afréðu G og C þá að hverfa á brott en af hálfu stefnda segir að C hafi í ljósi fyrri samskipta við stefnanda ekki treyst sér til að fara þangað ein.

Sama dag, [o] janúar 2019, var stefnanda boðsent bréf þar sem tilkynnt var að ráðgert væri að svipta hana tímabundið leyfi til að reka daggæslu í heimahúsi. Kom fram að ástæður væru annars vegar að ekki hefði verið brugðist við athugasemdum um umbúnað stiga í daggæslunni og hins vegar hefði fulltrúum SFS verið meinaður aðgangur að daggæslunni til þess að sinna lögbundnu eftirliti í samræmi við 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005. Var stefnanda þá boðið að koma til fundar á skrifstofu SFS, [c] febrúar 2019 kl. 17:00, til að gæta andmælaréttar eða eftir atvikum að senda skrifleg andmæli sem þyrftu þá að berast áður en umræddur fundur ætti að fara fram. Stefnandi neitaði að taka á móti hinu boðsenda bréfi og var það því einnig sent með tölvuskeyti auk þess sem það var sett í póstkassa á heimili stefnanda þar sem daggæslan er rekin.

Þann [c] febrúar 2019 svaraði þáverandi lögmaður stefnanda bréfi stefnda þar sem fyrirhugaðri tímabundinni starfsleyfissviptingu var andmælt því að ekki væru fyrir hendi aðstæður sem heimiluðu slíkt. Ítrekað var að börn sem vistuð væru hjá stefnanda hefðu ekki aðgengi að stiganum, aldrei hefðu verið óhöpp tengd honum þau tíu ár sem daggæslan hefði verið starfrækt í húsnæðinu og aldrei áður hefði þótt ástæða til þess að gera athugasemdir við stigann. Þá var vísað til þess að ákvörðun um tímabundna sviptingu yrði að vera tekin af félagsmálanefnd sveitarfélags sem væri

ein bær til þess að taka slíka ákvörðun og væri málið því á forræði velferðarráðs stefnda, en ekki SFS.

H, sviðstjóri SFS, svaraði erindinu samdægurs í tölvupósti. Fór hann þar fram á að stefnandi veitti fulltrúum HER aðgang að daggæslunni eigi síðar en þann [d] febrúar 2019 vegna stigans og að fulltrúum SFS yrði gert kleift að sinna lögbundnu eftirliti til samræmis við 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005. Ef ekki yrði fallist á það mætti gera ráð fyrir því að stefnandi yrði svipt leyfi tímabundið. Stefnanda var gefinn kostur á að koma andmælum á framfæri fyrir kl. 10.00, [d] febrúar 2019.

Þessu erindi svaraði þáverandi lögmaður stefnanda með bréfi, dags. [d] febrúar 2019, á þá leið að stefnandi hygðist ekki hleypa starfsmönnum HER inn á heimili sitt, enda væri slíkt andstætt ákvæðum reglugerðar nr. 907/2005, en ítrekaði að stefnandi myndi hleypa réttum og sérstaklega til þess tilkynntum eftirlitsaðila stefnda, C, inn á heimilið til þess að sinna úttekt á aðstæðum, hér eftir sem áður.

Að sögn í þeirri viðleitni að mæta vilja stefnanda tilkynnti SFS síðar sama dag að fulltrúar SFS yrðu sendir til eftirlits í stað fulltrúa HER og að þeir myndu mæta til að sinna eftirliti [a] febrúar 2019. Til eftirlits mættu þá yfirmaður daggæslusviðs SFS og starfsmaður leikskólaskrifstofu SFS. Þeim, eins og öðrum sem stefndi hafði sent til eftirlits, meinaði stefnandi aðgang að daggæslunni, á þeim forsendum að einungis C gæti sinnt eftirlitinu sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

Síðar sama dag var stefnanda tilkynnt að stefndi hefði, með vísan til 37. gr. og 38. gr. reglugerðar nr. 907/2005, ákveðið að svipta hana tímabundið leyfi til daggæslu í heimahúsi. Í umræddri tilkynningu kom fram að hin tímabundna leyfissvipting skyldi gilda til [e] febrúar 2019, nema rannsókn til að undirbyggja ákvörðun um hugsanlega varanlega leyfissviptingu teldist lokið fyrir þann tíma. Í framhaldi var lögmaður stefnanda í samskiptum við sviðsstjóra SFS, H. Var þá ítrekuð fyrri afstaða stefnanda um stigann og ósk um að C tæki út aðstæður á heimilinu svo að ljúka mætti málinu og afturkalla tímabundna sviptingu.

Með bréfi SFS, dags. [f] febrúar 2019, var stefnanda tilkynnt að áður en ákvörðun yrði tekin um það hvort stefnandi yrði varanlega svipt leyfi til daggæslu, þá væri það mat SFS að nauðsynlegt væri að fram færi könnun á umbúnaði stigans í daggæslunni. Var boðað að fulltrúar HER myndu koma til eftirlits í daggæsluna [b] febrúar 2019 svo könnun gæti farið fram. Lögmaður stefnanda tilkynnti í tölvuskeyti, [f] febrúar 2019, að stefnandi myndi ekki samþykkja eftirlit fulltrúa HER, en kallaði eftir því að C sinnti eftirlitinu eftir ákvæðum reglugerðar nr. 907/2005. Þar var enn vísað til þess að stigaopið væri varið með öryggishliði, og var það staðfest með myndum sem fylgdu tölvuskeytinu, sem teknar voru sama dag.

Greinir málsaðila mjög á um tilvist umrædds öryggishliðs, er virðist veggfast og unnt að draga fyrir gólfsvæðið fyrir framan stigaopið. Vísar stefnandi til þess að hliðið

fyrir framan stigann hafi verið þar frá upphafi málsins og stefnda mátt vera það ljóst. Stefndi kveður að þess hafi ekki orðið vart við skoðun og þetta verið í fyrsta skipti sem á hliðið hafi verið minnst, en í fyrri samskiptum við stefnda hafi stefnandi ítrekað komið á framfæri að hliði væri ekki til að dreifa og stigin væri utan daggæslusvæðis og væri ekki hættulegur þar sem hún kenndi börnunum að umgangast hann.

Síðar sama dag, [f] febrúar 2019, var eftirlit boðað degi síðar. Fulltrúi SFS, C, sem hafði séð um eftirlitið hjá stefnanda, [h] september 2018, mætti þá til að sinna því eftirliti og var heimilaður aðgangur að daggæslu af hálfu stefnanda. Í samantekt hennar, dags. [b] febrúar 2019, segir: „Eftirlitsaðili fór í eftirfylgni til að skoða hvort að búíð væri að gera úrbætur varðandi öryggishlið fyrir stigaop í daggæslu. Eftirlitsaðili samþykkir þær úrbætur sem hafa verið gerðar varðandi stigaop í daggæslunni í M og teljast því fullægjandi.“ Samdægurs var stefnanda tilkynnt að tímabundin svipting leyfis hefði verið felld úr gildi og tilkynning yrði send til þess að upplýsa foreldra og þjónustumiðstöðina É. Sendi stefndi svo bréf, dags. [b] febrúar 2019, þar sem tilkynnt var um brottfall tímabundinnar sviptingar á starfsleyfi stefnanda. Málið stóð þannig í rúmlega fimm mánuði, frá því að fyrst voru gerðar athugasemdir og þar til að stefnanda var tilkynnt um brottfall sviptingar, en fyrir liggur að tímabundin svipting á starfsleyfi stóð þó sem slík aðeins í um tvo daga.

Afstaða stefnanda er sú að skaðinn hafi þá þegar verið skeður fyrir stefnanda, sem hafi þá setið eftir með engin börn til að sinna, enda hefði stefndi áður haft milligöngu um það að finna þeim öllum pláss á leikskóla. Hafi málið að sögn valdið stefnanda andlegri vanlíðan, streitu og álitshnekki í starfsgrein sinni og hafi hún verið óvinnufær frá því að hún var svipt starfsleyfinu. Hafi stefnandi því sent kröfubréf á stefnda og krafist skaða- og miskabóta, sbr. bréf dags. [r] apríl 2019, en stefndi hafi hafnað því með bréfi, dags. [f] júní 2019, og stefnandi því séð sig knúna til að höfða mál þetta.

Stefndi bendir hins vegar á að þann [g] febrúar 2019 hafi SFS sent stefnanda bréf og komið á framfæri sjónarmiðum um þá háttsemi stefnanda að meina fulltrúum SFS, HER og þjónustumiðstöðvar aðgang að daggæslunni til þess að sinna þar lögbundnu eftirliti. Í bréfinu hafi stefnanda m.a. verið veittar leiðbeiningar um tilhögun eftirlits með starfsemi dagforeldra og heimildir SFS í tengslum við það. Áréttað hafi verið að komið gæti til þess að tveir starfsmenn mættu í eftirlitsheimsóknir hverju sinni. Þá hafi þess verið getið að samkvæmt samþykktum teikningum í húsnæði daggæslunnar þá væri ekki gert ráð fyrir efri hæð í íbúð stefnanda að M og þar af leiðandi ekki gert ráð fyrir stiga í íbúðinni. Ekki liggi fyrir hvort umræddur stigi hafi verið til staðar þegar húsnæði stefnanda var tekið út af hálfu stefnda þegar stefnandi hóf starfsemi daggæslu í húsnæðinu og kunni það að hafa haft áhrif á eftirlit á fyrri stigum.

Þá vísar stefndi til þess að á heimasíðu stefnda sé hægt að nálgast upplýsingar um skráða dagforeldra og upplýsingar um hvort það sé fullt hjá þeim eða eftir atvikum

fjölda lausra pláss. Þann [d] júní 2019 hafi daggæsluráðgjafi þjónustumiðstöðvarinnar É haft samband símleiðis við stefnanda til að kanna hvort hún væri með börn í gæslu eða hefði laus pláss, m.a. til að geta uppfært upplýsingar um það á heimasíðu stefnda. Hafi stefnandi þá upplýst að hún væri ekki með börn í daggæslu, en óskað þrátt fyrir það eftir því að hún yrði áfram skráð á heimasíðu stefnda með „fullt“ og að ekki yrði hreyft við þeirri skráningu og orðið hafi verið við þeim óskum.

Í framhaldi hafi stefnda síðan borist fyrrgreint kröfubréf frá stefnanda, þar sem hún krefjist skaða- og miskabóta úr hendi stefnanda vegna málsins á sambærilegum forsendum og gert sé í dómsmáli þessu, en þeim kröfum hafi stefndi alfarið hafnað.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem stefndi beri ábyrgð á á grunni sakarreglunnar. Stefndi beri ábyrgð á því að stefnandi hafi þannig verið svipt tekjuöflunarhæfi sínu og beðið skaða á æru sinni og andlegri heilsu. Í fyrsta lagi hafi stefndi valdið stefnanda fjártjóni þar sem hún hafi orðið af umtalsverðum tekjum eftir að hafa verið svipt starfsleyfi án réttmætrar ástæðu. Í öðru lagi hafi stefndi valdið stefnanda fjártjóni því hún telji sig ekki eiga afturkvæmt í starf dagforeldris sökum þess hvernig vegið hafi verið að starfsheiðri hennar og æru við meðferð málsins. Í þriðja lagi hafi ákvörðun um sviptingu brotið gegn ákvæðum reglugerðar nr. 907/2005, reglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 (ssl.) um málshraða, andmælarétt og meðalhóf og stjórnarskrárvörðum rétti stefnanda til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrár. Ákvörðun stefnda um sviptingu starfsleyfis hafi því verið ólögmat og saknæm. Í fjórða lagi, þá séu loks orsakasamband og skilyrði um sennilega afleiðingu augljóslega fyrir hendi í málinu.

Ljóst sé að ákvörðun stefnda hafi verið tekin án þess að C hefði mætt að nýju til að taka út aðstæður og að ákvörðun um sviptingu starfsleyfis hafi því aðeins verið byggð á drögum að eftirlitsskýrslu, en slíkt standist ekki rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Seinni vettvangsathugun C, sem fram hafi farið eftir að svipting var afstaðin, hafi svo leitt í ljós að athugasemdirnar hafi ekki staðist skoðun. Þá hafi ákvörðun um sviptingu verið tekin af hálfu H f.h. SFS án heimildar, enda skóla- og frístundaráð sem fari með slíkar valdheimildir, sbr. 3. mgr. 36. gr. og 38. gr. reglugerðar nr. 907/2005 og tölvupóst L í málinu.

Í fyrsta lagi sé því byggt á því við meðferð málsins hafi stefndi ekki gætt að ákvæðum reglugerðar nr. 907/2005. Í 35. gr. hennar sé mælt fyrir um að sérstökum starfsmanni sé falið að fara með eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum. Stefndi hafi í samvinnu við Á, tekið þá ákvörðun og með því sett borginni/ yfirvöldum þær starfsreglur að ávallt skyldi tilkynna eftirlitsaðila til dagforeldra áður en viðkomandi tæki til starfa, auk þess sem ávallt skyldi einungis einn aðili sinna eftirlitinu til þess

að raska ekki ró barna í daggæslu að óþörfu. Þessu til stuðnings megi benda á slíkar tilkynningar undanfarin ár um nýja eftirlitsaðila. Telji stefnandi því að hún hafi verið í rétti að meina öllum öðrum starfsmönnum stefnda og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) aðgengi að heimili sínu, enda sé friðhelgi einkalífs stjórnarskrárvarin, auk þess sem annað væri andstætt ofangreindri reglugerð og starfsreglum stefnda sjálfs. Hafi stefnandi sérstaklega tekið fram í þessu skyni að C, sem tilkynnt hafi verið sem slíkur eftirlitsaðili, væri ávallt velkomin og að ef hún kæmi að nýju yrði vandamálið úr sögunni. Enda hefði úrbóta aldrei verið þörf, einungis hefði þurft að fara fram nákvæmari úttekt þar sem stefnanda yrði gefið færi á því að vísa á öryggishlið og fjalla um málið á vettvangi. Að því er varði aðgang HER að heimili stefnanda, þá sé ljóst að það hafi engar heimildir til eftirlits, enda segi í 7. gr. reglugerðar nr. 907/2005 að um daggæslu með sex eða fleiri börn þurfi að vera að ræða til að svo sé. Hið sama komi fram í 9. mgr. 3. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 sem og í 54. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. V. viðauka við þau. Þrátt fyrir ábendingar stefnanda hafi stefndi haldið uppteknum hætti, hótad sviptingu starfsleyfis og krafist þess að stefnandi opnaði dyr sínar fyrir óviðkomandi aðilum með tilheyrandi ónæði fyrir hana, börn sem vistuð voru hjá henni og daggæslustarfseminna í heild. Hafi stefndi þannig hunsað ákvæði 26. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um að virða beri að um heimahús þeirra er sinni daggæslu sé að ræða en ekki opinbera stofnun, auk þess sem stefndi hafi hunsað eigin vinnureglur sem settar hafi verið á fundi með Á, um að einn aðili skyldi sinna eftirliti með dagforeldrum og hann kynntur sérstaklega til leiks.

Ljóst sé að ef C hefði verið send aftur á heimili stefnanda til að sinna eftirlitsskyldum f.h. stefnda hefði komið í ljós að ávallt hefði verið öryggishlið fyrir stiga íbúðar hennar, börnin hefðu ekkert aðgengi haft að stiganum og þau ávallt verið undir eftirliti, sbr. m.a. eftirlitsskýrslu [p] janúar 2018. Hefði þannig mátt kæfa málið í fæðingu og enginn skaði orðið. Um það vísist einnig til öryggisúttektar I, byggingatæknifræðings hjá K. Það hafi svo orðið raunin þegar C hafi loks mætt aftur á heimili stefnanda og tímabundin svipting á starfsleyfi verið afturkölluð í beinu framhaldi. Stefndi hafi hins vegar ákveðið að virða óskir stefnanda þar að lútandi að vettugi þar til það hafi verið orðið of seint og skaðinn skeður, eða um fimm mánuðum eftir að málið hafi byrjað. C hafi því ekki verið send til að sinna eftirlitshlutverki sínu þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um fyrr en búið hafi verið að svipta stefnanda starfsleyfi tímabundið, koma börnum í hennar umsjá fyrir á leikskóla og vega með alvarlegum hætti að starfsheiðri hennar og æru.

Þá telji stefnandi liggja fyrir að H sviðsstjóri hafi engar heimildir haft skv. reglugerð nr. 907/2005 til að svipta stefnanda starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 36. gr. og 38. gr. reglugerðar nr. 907/2005 og tölvupóst L. Hafi ákvörðun um sviptingu verið ólögæt

enda hafi slíkt aðeins verið á valdi skóla- og frístundaráðs. Í bréfi, dags. [f] júní 2019, taki H það fram að hann telji ákvörðun um sviptingu hafa verið tekna með lögformlegum hætti og af réttum aðilum og vísi til bókunar, dags. [b] febrúar 2019, í trúnaðarmálabók ráðsins er hann hafi látið fylgja með bréfi sínu. Í bókun sé vísað til [...]. fundar, máls nr. [...]. Sé litið til fundargerðar B vegna áðurgreinds fundar nr. [...] megi sjá að málið hafi ekki verið tekið upp á fundinum. Virðist því um að ræða skjal sem útbúið hafi verið eftir á þar sem dagsetningar og upplýsingar séu ranglega settar fram enda hafi mál stefnanda aldrei verið tekið upp á fundi skóla- og frístundaráðs, eins og skylt sé að gera skv. reglugerð nr. 907/2005, og þannig farið á svig við reglur stjórnisýsluréttar.

Stefnandi byggir í öðru lagi á því að með háttsemi sinni við meðferð málsins hafi stefndi brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. ssl. Taka hefði átt tillit til athugasemda stefnanda og einfalda málið til muna með því að senda C til að sinna eftirlitinu. Stefndi sjálfur hafi ítrekað tekið fram að börnin hafi ekki verið í hættu stödd á heimili stefnanda og því hafi verið algjörlega óþarft að grípa til jafn afdrifaríkra aðgerða og svipting á starfsleyfi sé. Atvinnufrelsi sé stjórnarskrárvarinn réttur, og því ljóst að mikið þurfi til að koma til að svipta megi menn tekjuöflunarhæfi eins og gert hafi verið. Með öðrum og einfaldari hætti, t.d. með því að senda C í eftirlit, óska eftir ljósmyndum af aðstæðum og með meiri nærgætni hefði mátt komast hjá sviptingu starfsleyfis og ná tilætluðum árangri. Rökstuðningur fyrir sviptingu hafi byggst á því að stefnandi hefði neitað starfsmönnum stefnda um aðgengi að heimili sínu og neitað að bæta úr umbúnaði stiga. Stefnandi hafni þessu og telji þá útskýringu stefnda ekki samræmast gögnum málsins. Starfsmenn stefnda hafi verið fullmeðvitaðir um óskir stefnanda um það að farið yrði að reglugerð nr. 907/2005 og hafi hunsað ítrekaðar ábendingar hennar um að ekkert væri að umbúnaði stiga. Svipting á starfsleyfi hafi því verið algjörlega óþörf og allt of langt og harkalega gengið fram af hálfu stefnda.

Stefnandi byggir í þriðja lagi á því að stefndi hafi við meðferð málsins brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. ssl. Ákvörðun um tímabundna sviptingu starfsleyfis hafi verið illa ígrunduð og tekin á grundvelli draga að eftirlitsskýrslu. Ekkert tillit hafi verið tekið til athugasemda stefnanda þess efnis að öryggishlið hafi vissulega verið til staðar og hefði alltaf verið. Þá hafi komið fram hjá stefnanda að börnin væru aldrei án eftirlits í húsnæðinu, sbr. lokamálslið 29. gr. reglugerðar nr. 907/2005. Hafi stefnandi sífelld ítrekað það að hún ynni eftir reglugerðinni og gætti að öryggi barnanna í hvívetna. Stefnandi hafi tekið fram að stiginn væri ekki hluti af rými þar sem daggæslan væri en umrætt öryggishlið væri notað til að loka það af. Þetta komi með beinum hætti fram og sé staðfest í tölvupósti J, dags. [I] desember 2018, þar sem segi að forstofa/daggæslusvæði sé lokað af með öryggishliði. Hafi stefnandi ítrekað að þegar farið væri fram hjá stiga væru börnin ávallt undir eftirliti og þá væri hliðið öllum

stundum dregið fyrir stigann þegar fara þyrfti fram hjá honum, sbr. það sem úttekt C eftirlitsaðila þegar hin tímabundna svipting hafði verið felld úr gildi beri með sér. Einnig vísist til ummæla foreldra um málið, auk meðfylgjandi úttektar I, byggingatæknifræðings hjá K. Allir foreldrar sem hafi verið með börn í umsjá stefnanda hafi lýst því yfir að þau teldu börnum sínum engin hættu stafa af umræddum stiga, auk þess sem þau hafi lýst furðu og óánægju með aðför starfsmanna SFS að stefnanda. Megi því ljóst vera að ekki hafi verið gætt að rannsóknarreglu við málsmeðferð enda ummælum stefnanda og foreldra barna í hennar umsjá ekki gefinn neinn gaumur og þau virt að vettugi við meðferð málsins. Í því samhengi sé rétt að benda á að ákvæði 23. og 27. gr. reglugerðar nr. 907/2005 mæli fyrir um að það sé foreldra að hafa eftirlit með og tilkynna ef aðbúnaði barns er ábótavant, og að dagvistun sé á ábyrgð foreldra. Það sé því merkilegt til þess að líta að allir foreldrar séu á einu máli um að ekkert hafi á skort að því er varði öryggi og umsjón barna þeirra hjá stefnanda og að ávallt hafi verið hlið á staðnum.

Stefnandi byggir í fjórða lagi á því að stefndi hafi ekki við meðferð málsins gætt að málshraðareglu 9. gr. ssl. Málið hafi hafist með óboðuðu eftirliti C, eftirlitsmanns með daggæslu í heimahúsum, [h] september 2018, en það ekki verið fyrr en [a] febrúar 2019 að loks hafi verið tekin afstaða í málinu af hálfu stefnda. Hafi stefnandi ítrekað kallað eftir skýrum svörum, að eftirliti yrði sinnt með fullnægjandi hætti af réttum aðila í takt við reglugerð nr. 907/2005 og að tekin yrði ákvörðun í málinu. Stefnanda hafi þannig verið haldið í óvissu með réttindi sín, starfsleyfi og tekjuöflunarhæfi í tæpa fimm mánuði vegna athafnaleysis stefnda. Allan þann tíma hafi stefnanda ítrekað verið sendar tilkynningar um fyrirhugaða sviptingu á starfsleyfi. Stefnanda hafi verið haldið í gíslingu með því að óviðkomandi aðilar yrðu stöðugt sendir á heimili hennar til að skoða þar aðstæður. Starfsemi hennar hafi stöðugt orðið fyrir áreiti og truflunum aðila sem stefndi hafi sent á heimilið. Á sama tíma sé ljóst að foreldum barna sem vistuð hafi verið hjá stefnanda hafi einnig verið haldið í óvissu um hvort börn þeirra hefðu áfram pláss í daggæslunni og hafi það gengið svo langt að suma daga hafi þau ekki vitað þegar þau mættu með börnin sín á morgnana hvort þau þyrftu frá að hverfa. Foreldrar barna sem vistuð hafi verið hjá stefnanda hafi ítrekað haft samband við starfsmenn á SFS, bæði með tölvupósti og í síma, og krafist þess að þeim yrðu veitt skýr svör um framhaldið. Með því að láta málið dragast í fimm mánuði hafi stefndi brotið gegn 9. gr. ssl., sér í lagi þegar litið sé til þess að það virðist hafa verið mat stefnda að börn vistuð hjá stefnanda væru í hættu vegna umbúnaðar stiga.

Í fimmta lagi sé byggt á því að stefndi hafi við málsmeðferð vegið að starfsheiðri stefnanda og æru með alvarlegum og meiðandi hætti. Orðspor hennar og hæfi í starfi hafi af völdum stefnda beðið varanlegan hnekki sem stefnda sé skylt að bæta fyrir. Stefnandi, sem sé menntaður forvarnaráðgjafi hafði starfað sem daggæsluforeldri með

starfsleyfi frá stefnda allt frá [...], eða í [...] ár, þar af í 10 ár í núverandi húsnæði, án þess að hafa fengið kvörtun eða aðfinnslu við störf sín. Stefndi hafi virt hæfi, menntun og farsælan feril stefnanda að vettugi og fyrirskipað harkalega og þarflausa sviptingu á starfsleyfi hennar. Með því að halda því fram að stefnandi gætti ekki að öryggi barna í hennar umsjá hafi verið vegið með alvarlegum hætti að starfsheiðri hennar og æru. Hafi það verið gert í andstöðu við ákvæði ssl. um meðalhóf og um að rannsaka og upplýsa þurfi mál fyllilega áður en ákvörðun sé tekin. Samkvæmt gögnum máls liggi fyrir að mikill fjöldi starfsmanna stefnda, sem ekkert hafi með málið haft að gera, hafi komið að því fyrir tilstilli og að beiðni stefnda. Það sé til þess fallið að auka mjög á miska stefnanda. Málið hafi þannig ratað á borð a.m.k. 15 aðila, þriggja leikskóla í [...], þjónustumiðstöðvar [...], É, þjónustumiðstöðvar N, og foreldra þeirra barna sem vistuð hafi verið hjá stefnanda. Málið hafi farið víða í stjórnkerfinu að óþörfu, enda hafi ákvörðuninni verið breytt og starfsleyfið gefið út að nýju til stefnanda þremur dögum eftir að svipting fór fram. Vegna málsins hafi stefnandi leitað ítrekað til lækna og sálfræðinga. Stefndi hafi verið metin óvinnufær, enda hafi hún í fimm mánuði þurft að verjast ágangi og hótunum um tímabundna sviptingu leyfis, ef hún hleypti ekki óviðkomandi aðilum inn á heimili sitt eða bætti úr umbúnaði stiga sem ljóst hafi verið að ekkert væri að. Um óvinnufærni stefnanda vísist til vottorðs Ö læknis, dags. [s] ágúst 2019.

Vegna alls ofangreinds hafi stefnandi orðið fyrir miklum miska og tekjutapi enda ómaklega svipt tekjuöflunarhæfi, andstætt reglugerð nr. 907/2005, stjórnarsýslulögum og stjórnarskrárvörðum rétti til að stunda atvinnu og til að njóta friðhelgi einkalífs á heimili sínu, sbr. 71. og 75. gr. stjórnarskrár. Krafa stefnanda sé sú að viðurkenndur verði réttur hennar til skaðabóta úr hendi stefnda vegna tekjutaps. Ljóst sé að tekjutap stefnanda sé umtalsvert, en eftir [...] ár í starfi hafi hún mátt vænta þess að halda starfi sínu til loka starfsævi. Framkoma stefnda gagnvart stefnanda og hvernig staðið hafi verið að sviptingu á starfsleyfi hafi verið til þess fallin að girða fyrir að stefnandi ætti afturkvæmt í sama starf. Starf daggæsluforeldris byggji alfarið á trausti. Þetta traust sé þeim er starfi á þessu sviði gríðarlega mikilvægt þar sem um sé að ræða ábyrgð sem foreldrar feli þeim til að annast börn sín á viðkvæmum aldri. Forsenda starfsins sé sú að gætt sé að öryggi barnanna en ákvörðun stefnda um að svipta stefnanda starfsleyfi hafi byggst á því að börnum í hennar umsjá væri hættu búin. Sú ákvörðun hafi verið tekin án þess að aðstæður væru teknar út, sbr. síðari ákvörðun um afturköllun.

Kröfu stefnanda um miskabætur, 2.500.000 krónur, sé stillt í hóf með tilliti til atvika og þeirrar þarflausu hörku er hún hafi verið beitt af stefnda við rekstur málsins. Krafan byggist á b-lið. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 þar sem mælt sé fyrir um að hver sá er ábyrgð beri á ólögumætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns

skuli greiða miskabætur til þess er misgert hafi verið við. Stefnandi telji að svipting á starfsleyfi hennar hafi falið í sér grófa meingerð gegn æru hennar og persónu.

Stefndi beri þannig skaðabótaábyrgð á fjártjóni og miska stefnanda af völdum ákvörðunar um tímabundna sviptingu á starfsleyfi og meðferðar málsins sem stóð yfir í tæpa fimm mánuði. Byggt sé á sakarreglunni vegna ólögmætrar og illa ígrundaðrar sviptingar á starfsleyfinu. Stefnda beri að bæta stefnanda tjón hennar að fullu. Krafan sé því sundurgreind í viðurkenningarkröfu og miskabótakröfu. Fjártjóni stefnanda til stuðnings sé lagt fram rekstraryfirlit sem fylgi árlegu skattframtali hennar en sé litið til þess megi með einföldum hætti sjá að stefnandi hafi orðið af umtalsverðum tekjum á milli árána 2018 og 2019. Á árinu 2018 hafi stefnandi haft tekjur að fjárhæð 4.531.979 krónur, en á árinu 2019 747.657 krónur, eða sem nemi mun um 3.784.322 krónur, og því sé ljóst að hún hafi umtalsverða hagsmuni af úrlausn máls þessa. Þá telji stefnandi að hafa verði hér sérstaklega í huga aldur, kyn, menntun og starfsreynsla stefnanda, en ljóst megi vera að atvinnuönguleikum [...] ára konu séu takmörk sett, þá sér í lagi þegar hún hafi fundið sig knúna til þess að breyta um starfsvettvang, enda sé það ekki til bóta við atvinnuleit að hafa verið svipt starfsleyfi vegna vanrækslu.

Heimild til höfðunar viðurkenningarmáls byggist á 2. mgr. 25. gr., sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr., laga nr. 91/1991. Málskostnaðarkrafa byggist á 129. og 130. gr. laganna og um varnarþing vísast til 33. gr. þeirra. Krafa um að tekið verði tillit til virðisauka-skatts á málflutningsþóknun við ákvörðun málskostnaðar sé reist á lögum nr. 50/1988.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda þar sem skilyrðum skaðabótaábyrgðar og til miskabóta sé ekki fullnægt. Stefnandi reisi kröfu sína um að viðurkenndur verði réttur hennar til skaðabóta á því að stefndi beri ábyrgð á tjóni á grunni sakarreglunnar. Þá byggji stefnandi kröfu sína um miskabætur á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Það hvíli á stefnanda sem tjónþola að sanna að skilyrðum til skaða- og miskabóta sé hér fullnægt. Stefnandi mótmæli því að svo sé. Ljóst sé að greind háttsemi stefnda hafi hvorki verið saknæm eða ólögmæt né falið í sér ólögmæta meingerð enda hafi stefndi aðeins verið að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki í samræmi við fyrirmæli laga og reglna. Að því er varði miskabótakröfu stefnanda þá mótmæli stefndi sérstaklega fjárhæð þeirrar kröfu enda sé hún órökstutt. Fari svo að stefndi verði talinn hafa bakað sér bótaskyldu, í formi skaða- eða miskabóta, sé til vara byggt á að rétt sé að fella bótaábyrgð niður með hliðsjón af atvikum og háttsemi stefnanda.

Stefnda sé ekki einungis heimilt heldur skylt að sinna eftirliti með daggæslu barna í heimahúsum á grunni reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, sbr. meðal annars 4. gr. og X. kafla hennar. Stefnandi beri ábyrgð á velferð barna í sveitarfélaginu og skuli sjá til þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt, sbr. 5. gr.

reglugerðar nr. 907/2005. Í X. kafla reglugerðarinnar sé mælt fyrir um nánari tilhögun á hinu lögbundna eftirliti. Í 35. gr. sé mælt fyrir um reglubundið eftirlit og að í því skuli m.a. felast þrjár óboðaðar eftirlitsheimsóknir á ári. Í 3. mgr. sama ákvæðis sé kveðið á um það að auk reglubundins eftirlits, þá skuli eftirlit vera tilfallandi þegar aðstæður krefjist, svo sem vegna eftirfylgni eða kvartana. Þá segi í 4. mgr. ákvæðisins að stefndi geti sett nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins. Þá heimild hafi stefndi m.a. nýtt sér með því að setja verklagsreglur um málsmeðferð kvartana í samræmi við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 sem kynntar hafi verið öllum starfandi dagforeldrum. Í verklagsreglunum sé annars vegar mælt fyrir um viðbrögð samkvæmt 36. gr. reglugerðarinnar, þ.e. í tilvikum þar sem barn sé ekki talið í hættu, og hins vegar viðbrögð skv. 37. gr. hennar, þ.e. í tilvikum þar sem barn sé talið í hættu statt. Í málinu hafi af hálfu stefnda verið unnið í samræmi við fyrirmæli reglugerðar nr. 907/2005 og framangreindra verklagsreglna og það lagt til grundvallar að um væri að ræða tilvik þar sem ekki væri talið að börn væru í hættu stödd.

Farið hafi verið í óboðaða eftirlitsheimsókn í samræmi við 2. tölulið 2. mgr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 hjá stefnanda, þann [h] september 2019, sem leitt hafi til þess að athugasemd hafi verið gerð við umbúnað stiga í daggæslu stefnanda. Hafi skriflegri athugasemd verið komið á framfæri við stefnanda og hún fengið ítrekaða fresti til andmæla og til þess að bregðast við kröfum um úrbætur. Stefnandi hafi hins vegar hafnað öllum athugasemdum og kröfum um úrbætur þar sem hún hafi ekki talið úrbóta þörf. Þessu til viðbótar hafi stefnandi síðan staðið í vegi fyrir því að frekara eftirlit gæti farið fram þar sem hún hafi meinað eftirlitsaðilum aðgang að daggæslunni. Ástæða hinnar tímabundnu sviptingar hafi því, sbr. ákvörðun stefnda [f] febrúar 2019, verið tvíþætt. Í fyrsta lagi hafi ekki verið hægt að framkvæma eftirlit á grundvelli 3. mgr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005, sem talið hafi verið nauðsynlegt til að kanna hvort brugðist hefði verið við kröfu um úrbætur, vegna tálmana stefnanda. Í öðru lagi hafi ekki verið hægt að sinna reglubundnu lögbundnu eftirliti skv. 2. tölul. 2. mgr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 af sömu ástæðu, þ.e. vegna þess að stefnandi hafi staðið í vegi fyrir eftirliti. Stefndi hafi því haft fullar heimildir til þess að svipta stefnanda tímabundið leyfi til daggæslu, sbr. 35., 36., 37 og 38. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

Þar sem stefnandi byggir á því að verklag stefnda hafi ekki samræmst fyrirmælum reglugerðar nr. 907/2005 þá sé tilefni til að fara yfir þessi sjónarmið. Stefnandi byggir m.a. á því að úrbóta hafi í raun aldrei verið þörf. Einungis hafi þurft að fara fram nákvæmari úttekt þar sem stefnanda hefði gefist færi á að vísa á öryggishlið og fjalla um málið á vettvangi. Þar sem ekki hafi verið gætt að þessu hafi stefndi brotið gegn fyrirmælum reglugerðar um tilhögun eftirlits, rannsóknarskyldu og meðalhöfsreglu. Stefndi mótmæli þessu sem röngu, enda hafi stefnanda gefist ítrekuð tækifæri til að gera grein fyrir tilvist öryggishliðs, hafi því þá verið til að dreifa. Hafi fulltrúi stefnda

í tvígang spurt stefnanda sérstaklega hvort stiganum væri lokað með einhverjum hætti. Fyrst þegar eftirlit fór fram þann [h] september 2018 og síðan í símtali við [...] -stjóra fagskrifstofu leikskólamála hinn [m] nóvember 2019. Þá beri skrifleg samskipti aðila með sér að athugasemdir stefnda og ítrekaðar kröfur um úrbætur hafi lotið að umbúnaði stigans og því að honum væri ekki lokað með öryggishliði. Ef öryggishliði hefði verið til að dreifa hefði stefnandi með réttu átt að vekja athygli á því en þvert á móti hafi ítrekað verið staðhæft í erindum frá henni að stigin væri óvarinn og hún hefði ekki í hyggju að breyta umbúnaði hans eða starfsháttum sínum. Stefndi hafi því engar aðrar upplýsingar haft um umbúnað stigans en þær er komið hafi frá stefnanda á hverjum tíma um að stigin væri óvarinn þar sem stefnandi hafi ítrekað komið í veg fyrir að stefndi gæti sjálfur tekið út aðstæður í daggæslunni á grunni lögbundinna eftirlitsheimilda. Í samskiptum aðila við meðferð málsins hafi stefnandi einvörðungu byggt á því að stigin væri utan daggæslusvæðis, hún kenndi börnum að umgangast hann og að hún hefði ekki fengið athugasemdir vegna stigans áður. Vísast til erinda stefnanda, m.a. dags. [j] september 2018 og [h] október 2018, og erinda lögmanns stefnanda, dags. [k] desember 2018 og [c] og [d] febrúar 2019.

Stefnandi hafi fyrst greint stefnda frá tilvist öryggishliðs við stigaopið eftir að hin tímabundna svipting leyfis hafði farið fram. Hafi loks komið fram í erindi er lögmaður stefnanda hafi sent [f] febrúar 2019 að öryggishliði væri til að dreifa. Það hafi síðan ekki verið fyrr en degi síðar sem fulltrúi stefnda hafi loksins fengið leyfi stefnanda til að kanna aðstæður í daggæslunni, taka út úrbæturnar, og stefndi þá fyrst getað staðfest tilvist öryggishliðs. Stefnandi hafi þannig sjálf komið í veg fyrir að stefndi gætt sinnt rannsóknarskyldu sinni í málinu, þ.e. með því að heimila ekki eftirlit af hálfu stefnda með daggæslunni. Stefnda hafi því verið rétt að byggja ákvörðun sína um tímabundna sviptingu leyfis stefnanda á óumdeildum gögnum sem þá hafi legið fyrir í málinu, sbr. eftirlit stefnda með daggæslu stefnanda í september 2018. Þá hafi stefndi verið búinn að tilkynna stefnanda ítrekað hvaða afleiðingar það myndi hafa í för með sér héldi hún áfram að koma í veg fyrir að stefndi gæti sinnt lögbundnu eftirliti með daggæslunni. Um leið og stefnandi hafi gert stefnda kleift að sinna lögbundnu eftirliti, þann [b] febrúar 2019, hafi stefnda loks verið það unnt að staðreyna nýframsetta fullyrðingu af hálfu stefnanda, þ.e. þá sem fram hafi komið í bréfi lögmanns stefnanda deginum áður eða þann [f] febrúar 2019, um það að öryggishlið hefði verið sett upp við stigan.

Stefnandi byggi á því að aðeins einn tilgreindur starfsmaður hafi haft heimild til að sinna eftirliti með daggæslu hennar og enginn annar. Vegna þessa hafi stefnanda verið heimilt að meina öðrum fulltrúum sem stefndi hafi sent til að sinna eftirliti aðgang að daggæslunni. Mótmælt sé fullyrðingum um að stefnandi hafi ávallt lýst því yfir að ákveðinn tilgreindur eftirlitsfulltrúi væri velkominn til að sinna eftirliti og að stefnandi hafi ítrekað skorað á stefnda að senda þann fulltrúa til að sinna eftirliti.

Hafnar stefndi því að höfnun og tálmun stefnanda við því að aðrir starfsmenn stefndu gætu sinnt eftirliti verði lögð að jöfnu við ítrekaðar áskoranir um að tilgreindur eftirlitsmaður yrði sendur af stefnda til að sinna eftirliti. Þá liggi fyrir að stefnandi hafi lýst því yfir í erindi, dags. [j] nóvember 2018, að hún myndi meina öllum sem stefndi myndi senda til að sinna eftirliti aðgang að daggæslunni, án undantekninga. Það hafi ekki verið fyrr en þann [k] desember 2018 að stefnandi hafi breytt afstöðu sinni og borið því við að hún myndi samþykkja eftirlit af hálfu þar tilgreinds eftirlitsaðila.

Stefnandi styðji málsástæðu um að aðeins einn tilgreindur starfsmaður hafi haft heimildir til að sinna eftirliti á vegum stefnda með vísan til skjals sem stefnandi hafi kallað „vinnureglur og tilmæli“. Staðhæft sé að stefndi hafi í samvinnu við Á, sett sér, „þær starfsreglur að ávallt skyldi tilkynna eftirlitsaðila til dagforeldra áður en viðkomandi tæki til starfa auk þess sem ávallt skyldi einungis einn aðili sinna eftirlitinu til þess að raska ekki ró barna í daggæslu að óþörfu“. Þessu sé mótmælt sem röngu enda hafi skjalið ekki að geyma vinnu- eða starfsreglur eða bindandi tilmæli. Þetta sé vinnuskjal sem heitið, Efni: Úrvinnsla fundar skóla- og frístundasviðs og Á, beri með sér. Þá geymi skjalið engin fyrirmæli um að sérstök tilkynningarskylda hvíli á stefnda, né þá reglu að ávallt skuli aðeins einn aðili sinna eftirlitinu. Í skjalinu sé vísað til þess að athugasemd hafi verið gerð við að fleiri fulltrúar SFS en einn hafi mætt til eftirlits en svo sé þeirri athugasemd svarað á þá leið að „Vegna þessa er tekið fram að ekki er gert ráð fyrir að fleiri en einn starfsmaður sinni eftirlitinu en fleiri en einn geta sinnt eftirlitinu.“ Þarna staðfesti stefndi að verklag sé að jafnaði það að senda einn aðila til að sinna eftirliti en fleiri en einn starfsmaður geti þó sinnt því og þetta komi því ekki í veg fyrir að eftirlitsaðili geti með tilliti til aðstæðna ákveðið hvaða starfsmaður sinni eftirlitinu eða hvort hann feli það fleiri en einum starfsmanni, og fari það eftir aðstæðum. Á stefnda hvíli engin skylda til að tilkynna eftirlitsaðila til dagforeldra. Þrátt fyrir að stefndi kunni að hafa gert það í einstökum tilvikum, þá verði það þó ekki túlkað á þá leið að með því hafi stefndi þrengt heimildir sínar til að sinna lögbundnu eftirliti þannig að honum sé það ekki heimilt nema hafa áður tilkynnt hvaða starfsmanni hann hafi falið að sinna því.

Stefnandi byggi einnig á því að túlka beri 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 á þá leið að aðeins einum tilgreindum starfsmanni hafi verið heimilt að sinna eftirliti með daggæslu á vegum stefnda. Stefndi geti ekki fundið þeirri túlkun stoð í því ákvæði. Í 1. mgr. þess sé mælt fyrir um að félagsmálanefnd geti falið sérstökum starfsmanni að fara með eftirlitið eða falið það verkefni umsjónaraðila. Ákvæðið feli í sér heimild til útfærslu og hafi stefndi litið þannig á að það heimili stefnda að fela einum eða fleiri aðilum eftirlitið eftir því sem þurfa þyki til að stefndi geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Það sé á forræði stefnda að ákveða hvaða starfsmönnum hann feli að sinna eftirlitinu. Verklagið hafi frá gildistöku reglugerðar nr. 907/2005 verið í samræmi við þann

skilning og sé vísað til þess í minnisblaði sem sviðsstjóri SFS hafi lagt fyrir [...]. fund skóla- og frístundaráðs stefnda, [b] apríl 2019. Þar sé gerð grein fyrir tilhögun eftirlits með daggæslu barna í heimahúsum árið 2018 og m.a. vísað til þess að óboðuðu eftirliti skv. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 sé aðallega sinnt af starfsmönnum SFS en einnig taki fagaðilar af leikskólaskrifstofu og daggæsluráðgjafar þjónustumiðstöðva þátt í því þegar verið sé að bregðast við athugasemdum eftir heimsókn. Þá bendi stefndi á að í 35. gr. sé sérstaklega vísað til umsjónarmanns skv. 34. gr. og þannig sé heimild daggæsluráðgjafa til að sinna eftirliti skýr og afdráttarlaus. Hafi daggæsluráðgjafi haft samband við stefnanda, [n] október 2018, til að kanna hvenær hún gæti mætt til þess að taka út umbúnað á stiganum en stefnandi tjáði henni þá að hún væri ekki velkomin í þeim erindagjörðum. Þá hafi stefnandi meinað daggæsluráðgjafanum aðgang að daggæslunni þegar hún hafi síðan mætt til að sinna eftirliti þann [ú] nóvember 2018.

Þá sé rétt að víkja hér sérstaklega að heimildum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) til að sinna eftirliti með daggæslu stefnanda. HER starfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og framfylgi þeim og reglugerðum er settar séu samkvæmt þeim. Aðkoma HER að máli stefnanda byggir á því að SFS hafi óskað eftir umsögn frá HER. Hafi hér verið talið rétt að óska slíkrar umsagnar, þá ekki síst vegna ítrekaðra andmæla stefnanda við úrbótakröfum og til að tryggja sanngjarna og réttláta meðferð og afgreiðslu í málinu. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 907/2005 þá skuli félagsmálanefnd eiga samstarf við heilbrigðisnefnd og barnavernd varðandi aðbúnað barna hjá dagforeldrum eftir því sem þurfa þyki. Þá segi í 64. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, sem sett sé með stoð í lögum nr. 7/1998, að „[...] auk reglubundins eftirlits skal eftirlit vera tilfallandi þegar aðstæður krefjast, svo sem vegna eftirfylgni, kvartana, óhappa, slysa, starfsemi utan hefðbundinna starfsstöðva, óreglulegrar starfsemi, rekstrar og athafna sem ekki eru starfsleyfisskyld og þegar ástæða er til eftirlits með takmörkuðum þáttum starfseminnar“. HER hafi sinnt málinu á grunni framangreindra ákvæða, auk 60. gr. reglugerðar nr. 941/2002, en þar segi að heilbrigðiseftirlit taki m.a. til almennrar skoðunar á húsnæði, búnaði og umhverfi. Eftirlitið felist jafnframt í því að framfylgja ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfa, sem heilbrigðisnefnd sé falið. Telji stefndi því ljóst að heilbrigðisfulltrúar hafi haft fullar heimildir til að sinna eftirliti og skoðun á daggæslu stefnanda. Fulltrúar HER hafi leitast við að gera stefnanda grein fyrir heimildum sínum þegar þeir hafi mætt til að sinna eftirliti en þrátt fyrir það hafi stefnandi meinað þeim aðgang að daggæslunni [v] nóvember 2018, og svo ítrekað hafnað frekari aðkomu þeirra í síðari samskiptum.

Í stefnu sé svo á því byggt að sviðsstjóri SFS hafi ekki haft heimildir til að svipta stefnanda tímabundið starfsleyfi heldur hafi skóla- og frístundaráð stefnda þurft að taka umrædda ákvörðun. Samkvæmt viðauka 2.6 um breytingu á samþykkt um stjórn B og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum, um

embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, þá sé sviðsstjóra SFS heimilt að veita dagforeldrum leyfi og hafa lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi, eins og kveðið sé á um í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, sbr. og 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Sé liður í að framfylgja lögbundnu eftirliti að grípa til nauðsynlegra ráðstafana, svo sem að ákveða tímabundna leyfissviptingu er þess gerist þörf. Sviðsstjóri SFS hafi því haft fullt umboð til þess að taka ákvörðun um tímabundna leyfissviptingu stefnanda og í samræmi við 3. gr. framangreinds viðauka hafi afgreiðslan verið lögð fram til kynningar í skóla- og frístundaráði stefnda þann [b] febrúar 2019. Tekið sé fram að málið hafi verið merkt sem trúnaðarmál og bókað í trúnaðarmálabók ráðsins.

Stefndi telji ljóst að meðalhófs hafi verið gætt í hvívetna undir meðferð málsins og að skilyrðum málshraðareglu 9. gr. ssl. og rannsóknarreglu 10. gr. ssl. hafi verið fullnægt. Í stefnu sé því borið við að meðalhófs hafi ekki verið gætt af hálfu stefnda, svipting á starfsleyfi hafi verið óþörf og of harkalega verið gengið fram af hálfu stefnda. Þá hafi ekki farið fram fullnægjandi rannsókn áður en ákvörðun hafi verið tekin í málinu og ekki hafi verið gætt að málshraðareglu. Þessu mótmæli stefndi alfarið sem röngu og ósönnuðu. Gerðar hafi verið fjölmargar tilraunir til að láta fram fara frekara eftirlit og rannsókn og ítrekuð skrifleg erindi hafi verið send stefnanda í þeirri viðleitni að skýra frekar málið og gera grein fyrir ástæðum þess að stefndi hafi talið úrbóta þörf og að frekari skoðun væri nauðsynleg. Þá hafi ítrekað verið veittir frestir til úrbóta, en stefnandi hafi haldið því fram frá upphafi máls og allt þar til ákvörðun um tímabundna leyfissviptingu hafi verið tekin að hún teldi úrbóta ekki þörf. Að lokum hafi þó farið svo að hún hafi sett upp öryggishlið í samræmi við kröfu stefnda. Eins og samskipti milli aðila beri með sér hafi verið unnið samfelld í málinu frá upphafi og þar til ákvörðun hafi legið fyrir. Engar óútskýrðar tafir hafi orðið á málsmeðferð en ástæður þess hvaða tíma það tók megi rekja til athafna stefnanda sem ekki hafi verið til samvinnu og ítrekað komið í veg fyrir að stefnda væri unnt að sinna eftirliti í því skyni að rannsaka og upplýsa málið frekar. Hafi stefndi, í viðleitni til að mæta stefnanda, gæta meðalhófs og sinna rannsóknarskyldu, boðið stefnanda að koma á sáttafund til að skýra málið og reyna að finna á því lausn, en hún hafnað því boði.

Vegna umfjöllunar um meðalhóf, rannsóknarreglu og málshraða sé lögð áhersla á að ákvörðun um leyfissviptingu hafi ekki aðeins byggst á því að stefnandi hafði staðið í vegi fyrir ítrekuðum tilraunum stefnda til að sinna eftirfarandi eftirliti heldur einnig á því að stefnandi hafði staðið í vegi fyrir því að stefndi gæti sinnt lögbundnu reglubundnu eftirliti með daggæslunni skv. 2 mgr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005. Stefnandi hafi gefið fáar skýringar á því á hvaða grunni hún telji sér hafa verið heimilt að hafna því eftirliti eða hvernig stjórnarsýslureglur hafi verið brotnar vegna þessa.

Með hliðsjón af atvikum máls hafi í raun verið óhjákvæmilegt að svipta stefnanda tímabundið leyfi þar til eftirlit gæti farið fram. Stefndi beri ábyrgð á velferð barna sem sæti umönnun dagforeldra og beri skylda til að hafa eftirlit með starfsemi dagforeldra. Verndarandlagið sé því ómálga börn. Stefndi líti það alvarlegum augum þegar aðilar sem sjái um umönnun barna á grundvelli leyfis neiti því að sæta lögbundnu eftirliti.

Stefndi hafni því að hafa við meðferð málsins vegið að starfsheiðri stefnanda og æru með alvarlegum og meiðandi hætti. Stefndi hafi aðeins verið að sinna lögbundnu hlutverki er hafi falist í eftirliti með leyfisskyldri starfsemi dagforeldris. Ekki sé fallist á að framkvæmd og eftirfylgni vegna eftirlits leiði til þess að litið verði svo á að vegið hafi verið að starfsheiðri og æru stefnanda. Í tilkynningum sem sendar hafi verið út vegna málsins hafi stöðu þess verið lýst með hlutlægum hætti og án þess að fæli í sér ærumeiðingar. Eins og sjá megi af umsögnum foreldra barna í daggæslu hjá stefnanda hafi samskipti stefnda við þau ekki haft þau áhrif að þau beri ekki traust til stefnanda.

Því sé hafnað sem órökstuddu að stefnandi eigi ekki afturkvæmt í starf dagforeldris. Svipting starfsleyfis hafi verið tímabundin og aðeins í gildi í einn dag. Um leið og sú ákvörðun hafi verið felld úr gildi hefði stefnandi getað tekið við börnum til gæslu á nýjan leik. Stefnandi hafi kosið að gera það ekki og þess í stað farið þess á leit við stefnda að skráning hennar á heimasíðu yfir dagforeldra væri þannig að fullt væri hjá henni. Þannig hafi stefnandi komið í veg fyrir eftirspurn eftir plássi hjá henni.

Fari þó svo að stefndi verði talinn hafa sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi, þannig að hann beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda, þá telji stefndi, með hliðsjón af óvenjulegum aðstæðum og atvikum máls, sanngjarnt að fella þá bótaábyrgð niður með vísan til 1. mgr. 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi hefði sjálf getað komið í veg fyrir hina tímabundnu leyfissviptingu með því að heimila framkvæmd lögbundins eftirlits hjá sér. Þá hafi hún sjálf ákveðið að taka ekki á móti börnum í daggæslu í kjölfar þess að hin tímabundna leyfissvipting var felld úr gildi.

Stefndi byggji í málinu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, skaðabótalögum nr. 50/1993 og loks lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991.

#### *Niðurstaða*

Málsatvik og málsástæður aðila eru rakin ítarlega hér að framan, auk þess sem stefnandi og nokkur fjöldi vitna gáfu einnig skýrslu hér fyrir dómi. Af þeim gögnum má ótvírætt ráða að ekki er að efa að stefnandi hefur almennt orð á sér fyrir að vera afar fær og fagmannleg í starfi sínu sem dagmóðir í um tvo áratugi alls, sem og að það mál er hér um ræðir hefur án vafa haft mjög neikvæðar afleiðingar fyrir hana í ýmsu tilliti. En sé tekið mið af sömu gögnum, þá telur dómurinn það þó blasa við að mál

Þetta sé einkum tilkomið vegna misskilnings um það hvort umræddur stigi á heimili stefnanda, sem starfaði við daggæslu með heimild stefnda, hafi frá upphafi verið lokaður af með hliði eða ekki. En að öllu framangreindu virtu þá verður að telja vera nægilega sýnt fram á það að útrennanlegt hlið hafi vissulega verið fyrir hendi í íbúð stefnanda en þó vísast ekki verið sýnilegt við óboðað eftirlit af hálfu stefnda þann [h] september 2018.

Eins og rakið er nánar hér að framan þá upphófst síðan framvinda í málinu sem einkenndist af ítrekuðum svörum og athugasemdum frá stefnanda um það að ekki væri þörf á hliði við umræddan stiga, sbr. erindi stefnanda, dags. [j] september 2018, [h] október 2018, og frá lögmanni stefnanda, dags. [k] desember 2018, og [c] og [d] febrúar 2019. Ekki virðist hins vegar, þótt ærið tilefni hafi verið til, vera minnst á framangreint hlið í íbúðinni af stefnanda hálfu, með ótvíræðum hætti, fyrr en [f] febrúar 2019, eftir að stefndi hafði svipt stefnanda tímabundið starfsleyfi [a] febrúar 2019 til þess að sinna daggæslu barna í heimahúsi, með vísan til 37. og 38. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

Þá liggur fyrir að stefnandi afréð í þessu ferli, sem stóð yfir í tæpa fimm mánuði, að neita framangreindum starfsmönnum stefnda um að sinna lögbundnu eftirliti, sbr. ákvæði 4. og 5. gr. og X. kafla þeirrar reglugerðar. En að mati dómsins verður hér að fallast á framangreind rök stefnda um að stefnanda hafi ekki verið stætt á því að túlka 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005, eða hvað þá ólögbundnar heimildir, með þeim hætti sem hún virðist þó hafa afráðið að gera og auðsýna enga samvinnu við aðra starfsmenn stefnda við eftirlit en hins reglulega eftirlitsmanns af hálfu stefnda, C. En telja verður ljóst að þegar athugasemdir við aðbúnað koma upp í óboðuðu eftirliti, sbr. 35. gr. reglugerðarinnar, þá taki við aðrir verkferlar sem leiði af reglugerðinni, líkt og þeir sem lýst er í verklagsreglum stefnda nr. 907/2205, og fela í sér viðtekið verlag stefnda þegar um er að ræða kvartanir, sbr. 36. og 37. gr. reglugerðarinnar. En auk þessa þá vísar 34. gr. reglugerðarinnar til umsjónaraðila, sem virðist þá geta verið daggæslufulltrúi, er virðist þá samkvæmt 35. gr. hennar getað komið að slíku eftirliti.

Er því fallist á það með stefnda, með vísan til alls hér framangreinds, að sýnt þyki að það hafi einkum verið óréttlæt看leg viðbrögð stefnanda, m.t.t. túlkunar á reglugerð nr. 907/2005, og í bland við ófullnægjandi upplýsingagjöf stefnanda í samskiptum við stefnda, sem hafi hér öðru fremur leitt til þess að starfsmönnum stefnda hafi ekki verið unnt að framkvæma eftirlit á grundvelli 3. mgr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 til að kanna hvort brugðist hefði verið við kröfu um ætlaðar nauðsynlegar úrbætur við stiga, né heldur reglubundið lögbundið eftirlit, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 35. gr. sömu reglugerðar. Stefndi hafi því við svo búið haft fullar heimildir til að svipta stefnanda tímabundið leyfi til daggæslu, sbr. 38. gr., sbr. 37. gr. reglugerðar nr. 907/2005, enda stefndi þá engar gildar forsendur haft til þess að getað áttað sig á umbúnaði stigans hjá stefnanda.

Loks verður þá að fallast á það með stefnda að aðkoma sviðsstjóra SFS, sem tók umrædda ákvörðun um tímabundna sviptingu á leyfi stefnanda, geti ekki talist hafa verið ótæk, eins og hér stóð á. Eins og greinir í 38. gr. reglugerðar nr. 907/2005 þá liggur hin almenna heimild til slíkrar tímabundinnar leyfissviptingar dagforeldris hjá félagsmálanefnd sem í þessu tilviki er þá óumdeilt skóla- og frístundaráð stefnda. En fyrir lá á þessum tíma, samkvæmt viðauka 2.6 við samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn B og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, nánar tiltekið í 1. og 2. gr. þess viðauka, að sviðstjóri SFS gæti einn afgreitt tiltekin mál, án staðfestingar borgarráðs, en þar á meðal væru mál sem snéru að veitingu leyfa til dagforeldra og að hafa lögbundið eftirlit með starfsemi þeirra samkvæmt reglugerð nr. 907/2005. En auk þess liggur hér nægilega ljóst fyrir, að mati dómsins, að umrædd málsmeðferð sviðstjórans var síðan lögð fram fyrir skóla- og frístundaráð stefnda, [b] febrúar 2019, sbr. 3. gr. fyrrgreinds viðauka, og skráð í trúnaðarbók. Að mati dómsins verður að fallast á með stefnda, að þótt heimildir sviðstjórans hvað varðar tímabundna sviptingu á starfsleyfi til daggæslu hafi nú verið gerðar enn skýrari í samþykktum frá því að mál þetta kom upp þá hafi þær engu að síður verið fyrir hendi í framangreindum ákvæðum þeirra enda hljóti að fara saman heimildir til að veita leyfi og afturkalla það.

Með hliðsjón af öllu hér framangreindu þá verður að mati dómsins ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður aðila hafi sérstaka þýðingu í málinu eða geti leitt til annarrar niðurstöðu í því, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Þar sem ekki þykir því, samkvæmt öllu hér framangreindu, hafa verið sýnt fram á réttarbrott stefnda, þá verður niðurstaða dómsins því sú, að ekki sé grundvöllur til að fallast megi á kröfur stefnanda í málinu og ber því að sýkna stefnda af kröfum hennar.

Eins og mál þetta er vaxið þykir þó rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Málið fluttu Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður fyrir stefnanda, en Elín Hrefna Ólafsdóttir lögmaður fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Stefndi, B, er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Dam Leifsson (sign.)